

OFAN VÍ

Árshlutareikningur 30. júní 2014

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um breytingar á hreinni eign	7
Yfirlit um fjárfestingar	8
Skýringar	9

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Árshlutareikningur sjóðsins OFAN VÍ er hluti af B-hluta árshlutareiknings Stefnis hf. sem inniheldur árshlutareikning verðbréfasjóða, fjárfestingarsjóða og fagfjárfestingsjóða rekstrarfélagsins. Hann er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða.

Enginn hagnaður varð af rekstri sjóðsins á tímabilinu samkvæmt rekstrarreikningi. Hrein eign sjóðsins í lok tímabilsins nam einni milljón króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Stefnis hf. staðfesta hér með árshlutareikning sjóðsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. ágúst 2014

Í stjórn félagsins:

Árnald Þróðabotelli
Jotull S. Jónsson
Pjetur Sverrisson
Svava Bjarnadóttir

Framkvæmdastjóri:

Felmi Hauðmann

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til eigna hlutdeildarskírteina í OFAN VÍ

Við höfum kannað meðfylgjandi árslutareikning OFAN VÍ fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2014. Árslutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign, yfirlit um fjárfestingar og skýringar. Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árslutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árslutareikninginn sem byggir á könnuninni.


Ábyrgð endurskoðanda

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árslutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum sjóðsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árslutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á tímabilinu, efnahag hans 30. júní 2014 og breytingu á hreinni eign á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða sem settar eru af Fjármálaeftirlitinu.

Reykjavík, 28. ágúst 2014



Margrét Pétursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.

Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	01.01. - 30.06. 2013
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4-5		
Vaxtatekjur og verðbætur		39	53
Vaxtagjöld og verðbætur		(37)	(52)
Hreinar fjármunatekjur		<u>2</u>	<u>1</u>
Rekstrargjöld			
Umsýslupóknun	6	<u>2</u>	<u>1</u>
		<u>2</u>	<u>1</u>
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Efnahagsreikningur 30. júní 2014

	Skýr.	30.06. 2014	31.12. 2013
Eignir			
Verðbréf með föstum tekjum	7	1.159	1.167
Fjárfestingar samtals	12	<u>1.159</u>	<u>1.167</u>
Handbært fé	8	0	1
Aðrar eignir samtals		<u>0</u>	<u>1</u>
Eignir samtals		<u><u>1.159</u></u>	<u><u>1.168</u></u>
 Skuldir			
Hlutdeildarskírteini	10	1	1
Útgefin skuldabréf	11	1.158	1.166
Skuldir við rekstrar- og vörslufélag		0	1
Aðrar skuldir samtals		<u>1.158</u>	<u>1.167</u>
Skuldir samtals		<u><u>1.159</u></u>	<u><u>1.168</u></u>
Hlutdeildarskírteini		0,85	0,79
Fjöldi eininga (í millj.)		<u>0,60</u>	<u>0,60</u>
Gengi sjóðsbréfa í lok tímabils	10	<u>1,43</u>	<u>1,33</u>

Yfirlit um breytingar á hreinni eign

1. janúar - 30. júní 2014

	Skýr.	01.01. - 30.06. 2014	01.01. - 30.06. 2013
Rekstrarhreyfingar:			
Afkoma færð á hlutdeildarskírteini		0	0
Hækkun á hlutdeildarskírteinum		0	0
Hlutdeildarskírteini í ársbyrjun		1	1
Hlutdeildarskírteini í lok tímabils	10	<u>1</u>	<u>1</u>

Yfirlit um fjárfestingar 30. júní 2014

	Markaðs- verð	Eign 30.06.2014 %	Eign 31.12.2013 %	Eign Breyting %	Fjárfestingarstefna	
					Lágmark %	Hámark %
Lánssamningur við Ofanleiti 1 ehf.	1.159	100	100	0	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja og reiðufé	0	0	0	0	0	100
Heildarverðmæti fjárfestinga	1.159	100	100	0		

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Starfsemi

Sjóðurinn OFAN VÍ var stofnaður 5. desember 2011. Markmið sjóðsins OFAN VÍ er að ávaxta þá fjármuni sem greiddir eru inn í sjóðinn í staðinn fyrir útgefin hlutdeildarskírteini, með því að gefa út skuldabréf og aðra fjármálagerninga. Eignir sjóðsins munu standa að baki greiðslu skuldbindinga sjóðsins. Sjóðurinn fjárfestir með það að markmiði að tryggja að hann geti mætt greiðslufæði vegna skuldaskjala og skuldbindinga sem sjóðurinn hefur gefið út og lánsamnings sem hann hefur gert.

2. Grundvöllur reikningsskila

Árshlutareikningur OFAN VÍ er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um reikningsskil rekstrarfélaga verðbréfasjóða. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna. Sjóðurinn er hluti af Stefni hf. sem er dótturfélag Arion banka hf. og eru upplýsingar um afkomu og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar. Árshlutareikningurinn er ekki hluti af árshlutareikningi bankans vegna eðlis starfseminnar.

3. Mat og ákvarðanir

Við gerð reikningsskila þurfa stjórnendur í samræmi við lög um ársreikninga að meta og taka ákvarðanir um mikilvæga liði reikningsskilanna sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Við matið er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í júlíbyrjun 2014. Áfallnar verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning sjóðsins.

5. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til.

6. Umsýsluþóknun

Sjóðurinn greiðir Stefni hf. umsýsluþóknun, sem innifelur meðal annars eftirtalinn kostnað við rekstur sjóðsins; laun starfsmanna rekstrarfélagsins, endurskoðun, eftirlitskostnað FME, markaðskostnað og umsýslu. Af þeirri þóknun greiðir Stefni hf. vörsluþóknun til Arion banka hf. Umsýsluþóknunin reiknast sem fast hlutfall 0,25% af meðalstöðu heildareigna sjóðsins (eru þá ekki dregnar skuldbindingar frá eignum sjóðsins).

7. Verðbréf með föstum tekjum

Lánsamningur

Sjóðurinn fjárfesti í verðtryggðum lánsamningi. Í bókhaldi sjóðsins er lánsamningurinn uppreiknaður miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum ógreiddum vöxtum.

8. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af inneignum á bankareikningum ásamt reiknuðum áföllnum vöxtum.

Skýringar, frh.:

9. Skattamál

Sjóðurinn greiðir ekki tekjuskatt heldur er hagnaður eða tap af rekstri hans skattlagður hjá eigendum hlutdeildarskírteinanna. Einstaklingar greiða fjármagnstekjuskatt af hagnaði sínum af bréfum þegar þeir innleysa hann. Hagnaður og tap af hlutdeildarskírteinum teljast til skattskyldra tekna eða gjalda hjá félögum óháð innlausn.

Sjóðurinn er undanþeginn fjármagnstekjuskatti hér á landi en ekki í þeim löndum þar sem fjármagnstekjuskattur er lagður á tekjur erlendra aðila og ekki eru í gildi tvísköttunarsamningar milli Íslands og viðkomandi ríkis um að slíkar tekjur skuli skattleggjast hér á landi.

10. Hlutdeildarskírteini

a. Raunávöxtun OFAN VÍ miðað við 30. júní 2014:

	Ávöxtun
Síðustu 3 mánuði	2,96%
Síðustu 6 mánuði	6,24%
Síðustu 12 mánuði	12,27%

b. Yfirlit um bókfært verðmæti og gengi hlutdeildarskírteina:

	Bókfært verðmæti	Gengi
30. júní 2014	1	1,43
31. desember 2013	1	1,33
31. desember 2012	1	1,15

11. Útgefin skuldabréf

Sjóðurinn OFAN VÍ gefur m.a. út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

Vaxtaberandi skuldir sjóðsins eru:

Verðtryggt lán	1.158
Afborganir af útgefnum skuldabréfum í júnílok 2014 greinast þannig:	
Til greiðslu 2014	24
Til greiðslu 2015	42
Til greiðslu 2016	42
Til greiðslu 2017	42
Til greiðslu 2018	42
Til greiðslu síðar	966
	1.158

12. Sundurliðun fjárfestinga og hlutfallsleg skipting:

	Annað kr.	%	Samtals kr.	%
Aðrir fjármálagerningar	1.159	100	1.159	100
	1.159	100	1.159	100